

100. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráð til að bæta kjör yfirsetukvenna.

1870.

5. nóvbr.

Í bréfi 29. júní þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá því, að landlæknir jústizráð Jón Hjaltalín hafi bent stiptamtinu á, að nauðsynlegt væri, að veita yfirsetukonum á Íslandi, að undanteknum þeim í Reykjavík og Vestmannaeyjum, sem hafa laun úr ríkissjóði og af hreppum og úr lækna sjóðnum, ríflegri styrk, en þær fá samkvæmt konungsúrskurði 20. júní 1766¹, þaræð þeim 100 rd., sem þar eru veittir yfirsetukonum, er skipt upp milli þeirra 59, þannig, að hver um sig fær aðeins 1 rd. 66 sk. á ári. Jafnframt hafið þér getið þess, að sérhver hreppur og sérhver einstakur maður, sem hefir gagn af yfirsetukonunum, eigi að vísu að bera kostnaðinn, sem hér af rís, en það sè hvorttveggja, að eigi verði búizt við styrk, sem nokkuð kveði að, frá hálfu hreppanna, sökum fátæktar, enda sè landsmenn svo efnalitlir, að fæstir eigi hægt með að borga yfirsetukonum svo mikið, sem þær með sanngirni geti krafizt. Þaræð nú þóknun sú, sem fyr var nefnd, er svo lítil, að því nær má kalla einkis virði, hafið þér, herra stiptamtmaður, stungið uppá að stjórnarráðið

1. hlutist til um, að fè það, sem árlega er veitt yfirsetukonum á Íslandi, undanteknum Reykjavík og Vestmannaeyjum, verði fært upp frá 100 rd. til 300 rd.;
2. veiti stiptyfirvöldunum myndugleika til, að úthýta meðal yfirsetukvenna á Íslandi, sem tekið hafa próf í yfirsetukvennafræði, jafnmiklu fè úr lækna sjóðnum, og veitt er til þessa úr ríkissjóðnum, þegar hinar árlegu tekjur lækna sjóðsins leyfa það, en um það verði ekkert sagt, fyr en reynzt hefir, hver áhrif tilskipun 10. ágúst 1868 hafi á tekjurnar; og
3. gjöri ráðstafanir til þess, að landinu verði skipt í nærkonu-sveitir, og að hverri héraðsnærkonu verði veittir 20 rd. í laun á ári, að meðtöldum hluta hennar í því styrktarfè, sem getið

¹) Lovsamling for Island III., 545.

1870.
5. nóvbr.

er um við 1. og 2. atriði, en það, sem á vantar, verði goldið af íbúum hvers héraðs, eptir sömu reglum, og jafnað er niður auka-útsvari til fátækra.

Eptir að stjórnarráðið hefir leitað álits um þetta mál hjá amtmönnunum í vesturumdæminu og í norður- og austurumdæminu, gefst yður til vitundar, yður fyrst um sinn til leiðbeiningar, að eins og það virðist ekki rétt í sjálfu sér, að taka laun handa yfirsetukonum úr ríkissjóðnum, þannig mun viðbætur sá uppá 200 rd., sem stungið er uppá, ekki bæta kjör yfirsetukvenna svo, að nokkru muni, ef ekki jafnframt verður til fengið fé úr öðrum áttum í þessu skyni. En við þessu verður ekki búizt, þarð ekki getur komið til umtals nú sem stendur, eptir því, sem þér, herra stiptamtmaður, sjálfur segið, að nokkuð verði lagt til launa handa yfirsetukonum úr lækna sjóðnum, og það með öllu er óvíst, hvort sjóðurinn nokkurn tína, og að minnsta kosti ekki hvenær hann muni verða fær um þetta, ef ekki á að láta önnur mál, sem nær liggja, sitja á hakanum. Stjórnarráðið verður því að álíta það gagnslaust nú sem stendur, að veita stiptsyfirvöldunum myndugleika til, þegar þar að kemur, að nota tekjur sjóðsins til þessa.

En að því leyti, er snertir uppástungu yðar um að skipta landinu í nærkvennahæruð, og skipa íbúum í hverju héraði, að leggja nokkuð til handa héraðsyfirsetukonunni, þá virðist stjórnarráðinu gagnslaust, að gjöra slíka ráðstöfun á meðan engin útsjón er til að útvega það fé, sem allskostar þarf með til launa handa yfirsetukonum, og mundi það heldur ekki eiga við, að ákveða fyrir fullt og fast, hvernig héraða skiptingin skuli vera, þarð yfirvöldin á Íslandi hefir greint mjög á um þetta, eða koma fram með uppástungu um það, hvernig jafna eigi niður kostnaðinum, fyr en sveitastjórnarmálið sè komið í kring.

Samt sem áður verðum vèr að játa, að það sè að öllu leyti æskilegt, að ráða bót á þessum annmárka, ef aðeins fé væri til þess, og með því málinu er hreyft á ný, er þér, herra stiptamtmaður, með bræfi 8. oktbr. f. á. senduð hingað bænarskrá frá landlækni, jústizráði Jóni Hjaltalín, sem þó ekki inniheldur neina uppástungu með ástæðum, nè neina áætlun um, hvernig koma eigi málinu í lag, virðist oss vera ástæða til fyrst um sinn að leita

nákvæmara álits hans um þetta efni, og mælumst vör því til, að þér, herra stiptamtmaður, leggið honum fyrir, að láta uppi álit sitt, og sendið það svo hingað ásamt yðar eigin athugasemdum.

1870.
5. nóvbr.

101. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um launalög embættismanna.

7. nóvbr.

Hér með sendum vör yður, herra stiptamtmaður, til leiðbeiningar nokkur exemplör af lögum 26. marz 1870, innihaldandi almenningar ákvarðanir um laun embættismanna og embættisþjóna eða sýslunarmanna o. s. fr., ásamt tveimur hér til heyrandi tilskipunum, 2. apríl 1870, um það, hvernig embættismenn og embættisþjónar, sem hafa nafnbót, er eigi stendur í sambandi við embættið sjálft, eigi að fara að, til að fríast við nafnbótina, og 17. septbr. 1870, um aðgang fyrir embættismenn og embættisþjóna til þess að segja af sér nafnbótum, sem þeim hafi verið veittar, og mælumst vör til að þér sendið sýslumönnunum í yðar umdæmi sitt exemplarið af hverju, lögunum og tilskipununum, til eptirbreytni, er þeir heimta skatt af nafnbótum.¹

102. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útbýting á garðfræi í suður- amtinu.

7. nóvbr.

Í bréfi 7. f. m. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þá er yður hafið borizt bréf dómsmálastjórnarinnar 26. febr. þ. á., hafið þér látið auglýsa á manntalsþingum í suðurumdæminu, að gjafafræi verði útbýtt í síðasta skipti þetta ár, en síðan hafið þér efazt um, hvort þér hafið skilið rétt fyrir nefnt bréf dómsmálastjórn-

¹) Samhljóða bréf eru sama dag send hinum amtmönnunum.